

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/156/
komudagur 2. 4. 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Einar Farestveit
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. mars 2002
2002030030/016-1
JGO/hj

Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014

Vitnað er til bréfs landbúnaðarnefndar dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir álitum á tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur enga afstöðu til þess hversu miklu fjármagni skuli veitt til landgræðslu á næstu 12 árum. Stofnunin hefur ekki forsendur til að meta fjármagnspörfina þar sem einstökum verkefnum er ekki lýst í greinargerð með tillögunni. Hér á eftir verður því ekki fjallað um kostnað áætlanarinnar, en nokkrar athugasemdir gerðar við greinargerðina sem fylgir tillögunni. Helstu athugasemdir stofnunarinnar eru eftirfarandi:

1. Í kafla 1.3 Alþjóðlegir sáttmálar. í Inngangi (bls. 4) vantar að mati Náttúrufræðistofnunar vísun til Bernarsamningsins um vernd villtrar náttúru í Evrópu og Ramsarsamningsins um vernd votlendis. Við landgræðsluáætlun þarf að taka tillit til beggja þessara samninga.

2. Í kafla 1.4 Markmið. í Inngangi (bls. 4) ætti að bæta við því mikilvæga markmiði "að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni". Með því fær landgræðslustarfið víðtækari skírskotun en áður og tekur mið af alþjóðlegum skyldum íslenska ríkisins á þessu sviði (skv. t.d. Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni).

Vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að binda kolefni í gróðri ætti að hafa í huga að í vistfræðilegu samhengi er mikilvægara að beina sjónum að köfnunarefni (N).

Í þessum kafla er áhersla lögð á 5 atriði sem nauðsynlegt er að ræða til að ná settum markmiðum. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að 6. atriðið, samvinna stofnana, er ekki síður mikilvæg fyrir góðan árangur og ætti að vera með í þessari upptalningu. Benda má á því til stuðnings lið 1.8 (bls. 7) og lið 1.2. d (bls. 9), enda hlýtur árangursríkt landgræðslustarf að byggja á víðferðum þekkingargrunni og taka mið af margvíslegum sjónarmiðum.



3. Í kafla 1.5. Áherslur til 2014. í Inngangi (bls. 5) kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir uppgræðslu á hálendi nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminum. Einnig er sagt að til ársins 2006 verði einkum unnið á láglandi við stöðvun hraðfara jarðvegeyðingar. Náttúrufræðistofnun telur að leggja ætti meiri áherslu á að stöðva jarðvegsrof á hálendi í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir við að græða upp mela á láglandi.

4. Í kafla 1.2 Stöðverkefni. í kafla 1. Almennur rekstur (II. verkefni og aðgerðir til 2006), lið c á bls. 8, er sagt að eitt helsta verkefnið sé að " Byggja upp gagnagrunn um vistkerfi, ástand lands og landgræðslustarfið í samstarfi við aðrar stofnanir landbúnaðarins". Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að þetta samstarf nái útfyrir veggj landbúnaðarins. Hafa ber t.d. í huga að mikilvæg gögn og gagnasöfn er varða landgræðslu er að finna á öðrum stofnunum svo sem gróðurkort, upplýsingar um dýr og plöntur, vistgerðir og vistkerfi.

5. Í kafla 2. Uppgræðsluverkefni. (bls. 9) ætti að leggja áherslu á að stöðva jarðvegsrof á hálendi, eins og áður er vikið að (sjá lið 3 hér að framan).

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

Afrit sent Umhverfisstofnun Alþingis

